

Borgarráð

Valsmenn hf. - aflétting veðkvaðar af byggingarlóð E við Hlíðarenda (Hlíðarendi 20, 22, 24 og 26)

Með samningi Reykjavíkurborgar, Valsmanna hf. og Knattspyrnufélagsins Vals frá 14. júní 2013 var samið um uppgjör Valsmanna hf. við Reykjavíkurborg vegna fyrri lögskipta þessara sömu aðila. Áður umsömdum greiðsluskilmálum var breytt með viðaukasamningi aðila, dags. 2. nóvember 2015, sbr. samþykkt borgarráðs frá 16. júlí 2015. Svo breyttir greiðsluskilmálar kveða á um að heildarskuld Valsmanna hf. og Knattspyrnufélagsins Vals við Reykjavíkurborg, alls að fjárhæð kr. 545.000.000.- skuli greiðast í þrennu lagi, hverju sinni við útgáfu byggingarleyfis á byggingarlóðum C, E og F við Hlíðarenda. Hlutur Valsmanna hf. í skuldinni við Reykjavíkurborg, kr. 385.000.000.- var tryggður með 1. veðrétti í byggingarlóðum E og F og 2. veðrétti í byggingarlóð C. Hinn 23. júní sl. samþykkti borgarráð að aflétta 2. veðrétti af byggingarlóð C í tengslum við sölu Valsmanna hf. á lóðinni enda væri krafa Reykjavíkurborg fyllilega tryggð með 1. veðrétti í byggingarlóðum E og F.

Nú hafa Valsmenn hf. vegna sölu félagsins á byggingarlóð óskað eftir því að Reykjavíkurborg aflétti 1. veðrétti af sömu lóð gegn því að Valsmenn hf. greiði 1. afborgun af skuld sinni, kr. 181.666.667.- við Reykjavíkurborg en sá hluti kröfunnar fellur ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis fyrir byggingarlóð C sem enn er nokkuð í. Eftir stæði þá krafa að fjárhæð kr. 363.333.333.- Þar af væru kr. 256.666.667.- tryggðar með 1. veðrétti í byggingarlóð F. Verður að telja það nægjanlega tryggingu.

Með vísan til framangreinds mælir undirrituð með að borgarráð samþykki að aflétta 1. veðrétti af byggingarlóð E við Hlíðarenda, sem nefnist Hlíðarendi 20, 22, 24 og 26 gegn því að Valsmenn hf. greiði Reykjavíkurborg kr. 181.666.667 samhliða veðbandslausninni.

Kristbjörg Stephensen